

Reglugerð Sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Suðurlands

1. grein. Nafn sjóðsins og heimili

- 1.1. Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Suðurlands skammstafað Sjúkrasjóður VLFS.
- 1.2. Sjúkrasjóður VLFS er stofnaður með tilvísun til laga nr. [19/1979](#).
- 1.3. Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Suðurlands er eign Verkalýðsfélags Suðurlands. Heimili hans og varnarþing er á Hellu.

2. grein. Verkefni sjóðsins

- 2.1. Verkefni sjóðsins er að veita sjóðsfélögum Sjúkrasjóðs VLFS fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum.
- 2.2. Sjóðfélagar eru þeir sem greitt hafa, eða fyrir þá hafa verið greidd umsamin iðgjöld til sjóðsins samkvæmt þeim kjarasamningum sem félagið er aðili að.
- 2.3. Verkefni sjóðsins er enn fremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar.

3. grein. Tekjur

- 3.1. Tekjur sjóðsins eru skv. kjarasamningum VLFS sbr. 7. gr. laga nr. [19/1979](#), samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- 3.2. Vaxtatekjur og annar arður.
- 3.3. Gjafir, framlög og styrkir.
- 3.4. Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

4. grein. Kosning og skipan sjóðstjórnar

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur aðalmönnum og einum til vara.
- 4.2. Í aðalstjórn skal ávallt vera a.m.k. annað hvort formaður eða varaformaður félagsins.
- 4.3. Stjórn sjóðsins skal kosin á síðasta félagsfundi fyrir aðalfund VLFS samkvæmt lögum félagsins annað hvert ár.
- 4.4. Uppstillingarnefnd skilar tillögum til félagsstjórnar eigi síðar en fjórtán dögum fyrir auglýstan félagsfund. Skal listinn merktur bókstafnum A. Tillaga skal liggja frammi á skrifstofu félagsins og auglýst félagsmönnum til sýnis eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag.
- 4.5. Öðrum framboðum skal skilað til kjörstjórnar eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag. Berist aðeins tillaga kjörstjórnar þarf kosning ekki að fara fram.
- 4.6. Ný stjórn tekur við þegar kjöri hennar hefur verið lýst á aðalfundi.

5. grein. Rekstur og stjórn sjóðsins

- 5.1. Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við lög og starfsreglur félagsins og þau sjónarmið sem gilda skv. almennum stjórnsýslureglum.
- 5.2. Stjórn sjóðsins tekur laun fyrir fundarsetu samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.
- 5.3. Heimilt er að fela skrifstofu VLFS fjárreiður og umsjón með sjóðnum. Þó skal halda bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum VLFS
- 5.4. Formaður félagsins, eða starfsmaður í umboði hans, annast vörslu sjóðsins og útborganir eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar.
- 5.5. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum sjúkrasjóðs gagnvart félagsstjórn.

- 5.6. Varði mál meiriháttar ákvarðanir eða skuldbindingar af hálfu félagsins skal stjórn sjóðsins bera það undir félagsstjórn til ákvörðunar.
- 5.7. Við meiriháttar ráðstafanir á eignum félagsins þarf samþykki félagsfundar sbr. 1. mgr. 30. gr. laga VLFS.

6. grein. Umsóknir og afgreiðsla

- 6.1. Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu VLFS og greiðir sjóðurinn allan kostnað sem af rekstri hans leiðir. Félagsstjórn er heimilt að verja allt að 25% af tekjum sjóðsins til að standa straum af kostnaði við rekstur hans. Þá má verja af fé sjóðsins til skrifstofutækja allt að helmingi á móti félagssjóði, enda séu þau eign sjóðsins í sama hlutfalli.
- 6.2. Umsóknum skal skilað á því formi sem stjórn sjóðsins ákveður og þeim fylgi nauðsynleg vottorð sem tryggja réttmæti greiðslna.
- 6.3. Starfsmenn félagsins sjá um að þjónusta sjóðinn s.s. afgreiða almennar umsóknir um dagpeninga og styrki, aðstoða félagsmenn og leiðbeina þeim varðandi umsóknir.

7. grein. Hlutverk og fundir sjóðsstjórnar

- 7.1. Stjórn sjúkrasjóðs annast fjárreiður sjóðsins, tekur ákvarðanir um kaup og sölu eigna sem og fjárveitingar til einstakra verkefna.
- 7.2. Hlutverk sjóðsstjórnar er að:
- annast vörslu sjóðsins,
 - annast ávöxtun sjóðsins,
 - annast samskipti við önnur félög og samtök vegna sjúkrasjóðsmála,
 - úthluta samkvæmt reglum sjóðsins.
- 7.3. Stjórn sjóðsins skal vera starfsmönnum félagsins sem fara með daglega afgreiðslu erinda og úthlutun úr sjóðnum til ráðgjafar og úrskurða komi upp vafa- eða ágreiningsmál sbr. 14. gr. og gr. 8.2.
- 7.4. Sjóðsstjórn skal sinna eftirliti með greiðslum úr sjóðnum.
- 7.5. Telji félagsstjórn ástæðu til getur hún kallað eftir nánari upplýsingum og gögnum varðandi fyrirhugaðar útgreiðslur úr sjóðnum.
- 7.6. Sjóðsstjórn skal funda að lágmarki tvisvar á ári. Einnig skal stjórn funda komi upp vafa- eða ágreiningsmál skv. gr. 14 og 8.2. Fundi skal boða með minnst 2ja daga fyrirvara.
- 7.7. Varamaður skal boðaður til funda en hefur ekki atkvæðisrétt nema hann taki sæti stjórnarmanns sem boðar forföll.
- 7.8. Fulltrúa starfsmanna er heimilt að sitja fundi sjóðsstjórnar en án atkvæðisréttar.
- 7.9. Stjórn félagsins er heimilt að sitja fundi sjóðsstjórnar en án atkvæðisréttar.
- 7.10. Stjórn sjóðsins skal á 6ja mánaða fresti gera stjórn félagsins grein fyrir úthlutunum síðastliðinna 6 mánaða. Skal greinagerðin gera grein fyrir úthlutunum dagpeninga og styrkja og greina styrki í undirflokk.

8. grein. Tilhögun greiðslna úr sjóðnum

- 8.1. Stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur um fyrirkomulag á greiðslu dagpeninga og styrkja og aðra starfstilhögun.
- 8.2. Komi upp álitamál skulu starfsmenn félagsins leggja þau fyrir stjórn sjóðsins til afgreiðslu sbr. 14. gr. Telji starfsmaður vafa á réttmæti umsóknar skal hann kynna sjóðsstjórn ástæður þess. Færa skal fundargerð, þar sem einungis er greint frá umsókn, svo og ákvörðun sjóðsstjórnar.

- 8.3. Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt.

9. grein. Grundvöllur styrkveitinga úr sjúkrasjóði

- 9.1. Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 10. gr.
- 9.2. Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur myndast.
- 9.3. Þeir sem greidd hafa verið iðgjöld af til sjóðsins samkvæmt kjarasamningum félagsins í a.m.k. 6 mánuði. Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ þar til hann byrjar greiðslu til sjóðsins, sbr. 10. gr
- 9.4. Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.
- 9.5. Ávallt skulu liggja fyrir gögn um rétt einstaklings til greiðslu úr sjóðnum.
- 9.6. Eigi foreldri rétt á lengingu fæðingarorlofs af ástæðum er tengjast meðgöngu eða fæðingu barns, skal umsækjandi framvísa staðfestingu á að réttur hjá Fæðingarorlofssjóði sé fullnýttur. Sama á við um foreldri sem á rétt á lengingu fæðingarorlofs vegna alvarlegra veikinda barns í tengslum við fæðingu eða alvarlega fötlun barnsins.
- 9.7. Réttur til greiðslu dagpeninga fellur niður þegar/ef sjóðfélagi hefur hætt störfum vegna veikinda eða slyss og öðlast réttindi til elli-, örorku- eða endurhæfingalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins og eða lífeyrissjóði.

10. grein. Samskipti sjúkrasjóða

- 10.1. Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags, öðlast þann rétt hjá nýjum sjóði skv. þeim reglum sem þar gilda eftir að hafa greitt í þann sjóð í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum.
- 10.2. Sá sem öðlast hefur rétt til styrkja úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags ASÍ, öðlast rétt til styrkja hjá VLFS skv. þeim reglum sem gilda hjá sjóðnum eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri félaginu. Þegar sótt er um styrki hjá VLFS skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki sem hann hefur þegið úr fyrri sjúkrasjóði sl. 36 mánuði.
- 10.3. Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysa-dag-peniga eða dánarbóta úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags ASÍ eða BSRB öðlast þann rétt hjá sjúkrasjóði Verkalýðsfélags Suðurlands samkvæmt þeim reglum sem þar gilda eftir að hafa greitt í sjóðinn í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum. Þegar sótt er um sjúkra- og slysa-dag-peniga eða dánarbætur skal umsækjandi leggja fram yfirlit um greidda dagpeninga og dánarbætur sem hann hefur þegið úr fyrri sjúkrasjóði síðastliðna 12 mánuði.
- 10.4. Vinni maður á fleiri en einum vinnustað og hafi verið greitt í fleiri en einn sjúkra-sjóð þegar sótt er um greiðslu, skal umsækjandi greina frá því í hvaða sjóði hann hefur greitt og er heimilt að fresta greiðslu bóta þangað til fyrir liggur staðfesting annarra sjóða á því að umsækjandi hafi ekki sótt um greiðslur þaðan. Sjúkrasjóðurinn skal leita slíkrar staðfestingar og gefa síðan öðrum sjóðum yfirlit yfir þær bætur sem greiddar eru vegna umsækjandans, tegund og fjárhæð bóta.

11. grein. Geymd réttindi

- 11.1. Heimilt er að veita þeim sem gengst undir starfsþjálfun, sækir námskeið eða stundar nám í allt að 24 mánuði og hefur síðan aftur störf á samningssviði aðildarfélaga ASÍ, endurnýjaðan bótarétt þegar greitt hefur verið til sjóðsins í einn mánuð, hafi umsækjandi áður verið fullgildur sjóðfélagi. Sama gildir um þá sem hverfa frá vinnu vegna veikinda eða af heimilisástæðum.
- 11.2. Þeir sjóðfélagar sem fara í lögbundið fæðingarorlof halda áunnum réttindum sínum hefji þeir þegar að loknu fæðingarorlofi aftur störf á samningssviði aðildarfélaga ASÍ enda ákveði viðkomandi að viðhalda rétti sínum með greiðslu félagsgjalds í fæðingarorlofi.
- 11.3. Sjóðfélagi sem verið hefur atvinnulaus en greitt hefur félagsgjald af atvinnuleysisbótum og greitt hafði félagsgjald til félagsins í a.m.k. 6 mánuði áður en hann varð atvinnulaus, öðlast rétt til dagpeninga og styrkja.

12. grein. Styrkveitingar

- 12.1. Dagpeningar í veikinda- og slysaforföllum í 120 daga að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Sjúkradagpeningar greiðast frá og með fyrsta degi eftir að samningsbundinni eða lögákveðinni greiðslu frá atvinnurekanda lýkur.
- 12.2. Dagpeninga í 90 virka daga að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.
- 12.3. Dagpeninga í 90 virka daga vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

Réttur til dagpeninga samkvæmt greinum 12.1, 12.2, og 12.3 er sjálfstæður og aðskilinn.

- 12.4. Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 360.000.- krónum m.v. starfshlutfall hans. Rétthafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Bótafjárhæð miðast við vísitölu neysluverðs pr. 1.1 2017 og tekur sömu breytingum og hún.
- 12.5. Daga fjölda greiddra dagpeninga skv. 12.1 lið, til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1%, er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%. Heimilt er að greiða hlutfallslega dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki vegna veikinda unnið fulla vinnu samkvæmt læknisráði. Dagpeninga skv. 12.1, 12.2 og 12.3 er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu. Jafnframt er heimilt að ákveða hámark dagpeninga skv. 12.1,

- 12.2 og 12.3 sem þó sé ekki lægra en 250.000.kr. á mánuði. Fjárhæð miðast við launavísitölu pr. 1.7 2006 og tekur sömu breytingum og hún.
- 12.6. Réttur skv. 12.1, 12.2 og 12.3 endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum líkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju.
- 12.7. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar. Fjárhæð styrkja fer eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins.
- 12.8. Styrkir til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni.
- 12.9. Við ráðstöfun fjármuna skv. 12.7 og 12.8 skal þess gætt að möguleiki sjóðsins til að standa við upphaflegar skuldbindingar sínar vegna sjúkdóma og slysa skerðist ekki. Í reglulegri úttekt á afkomu sjóðsins, skv. 19. gr., skal úttektaraðili skoða þennan þátt sérstaklega.
- 12.10. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, þar sem bætur greiðast skv. skaðabótalögum.

13. grein. Lausn frá greiðsluskyldu

- 13.1. Ef farsóttir geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðsstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

14. grein. Áfrýjunarréttur

- 14.1. Sjóðfélögum sem telja á sér brotið við afgreiðslu umsóknar geta óskað eftir að stjórn sjúkrasjóðs fjalli um málið. Þegar niðurstaða stjórnar sjúkrasjóðs liggur fyrir er heimilt að skjóta ágreiningi til félagsstjórnar Verkalýðsfélags Suðurlands.
- 14.2. Telji stjórn félagsins ákvörðun sjóðsstjórnar ekki standast reglugerð sjóðsins er henni heimilt að fresta greiðslum úr sjóðnum og skal formaður fjalla um málið á næsta fundi félagsstjórnar.
- 14.3. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslureglum og starfsreglum félagsins og eru úrskurðir félagsstjórnar endanlegir og bindandi.

15. grein. Aðrar greiðslur úr sjóðnum

- 15.1. Engar greiðslur úr sjóðnum aðrar en fram koma í þessari reglugerð eru heimilar nema til komi samþykki stjórnarfundar, aðalfundar eða félagsfundar með samþykki 2/3 hluta mættra félagsmanna. Tillögur þess efnis þurfa að hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir stjórnar-, aðal- eða félagsfund. Slíka ákvörðun skal bóka í fundargerð áður en greiðsla er framkvæmd.

16. grein. Ávöxtun sjóðsins

- 16.1. Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti;
- a) í ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
 - b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
 - c) í bönkum eða sparisjóðum,
 - d) í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins,
 - e) á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan sbr. 11.gr. viðmiðunarreglna um bókhald og ársreikninga stéttarféлага og landssambanda eins og þær eru á hverjum tíma sbr. [41. gr. laga ASÍ.](#)

17. grein. Ráðstöfun fjármuna

- 17.1. Ávallt skal þess gætt að ráðstöfun fjármuna sjóðsins brjóti ekki í bága við tilgang hans eða verkefni.
- 17.2. Þegar um er að ræða ráðstöfun fjármuna til verkefna sem ekki falla undir megintilgang sjóðsins með beinum hætti skal tryggt að um eðlilega ávöxtun þess fjármagns sé að ræða, sbr. a, b og c lið greinar 16.1.

18. grein. Bókhald, reikningar og endurskoðun

- 18.1. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunarmönnum og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund VLFS (aðalfund sjóðsins).
- 18.2. Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.
- 18.3. Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks skv. 12.gr.
- 18.4. Um bókhald, reikninga og endurskoðun fer að öðru leyti skv. viðmiðunarreglum um bókhald og ársreikninga stéttarfélaganna og landssambanda sbr. 46.gr. laga ASÍ eins og þær reglur eru á hverjum tíma.

19. grein. Úttekt óháðra eftirlitsaðila

- 19.1. Ár hvert, eigi síðar en 31. maí, skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins sendir skrifstofu ASÍ.
- 19.2. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal senda miðstjórn ASÍ úttekt þessa með ársreikningi sjóðsins.
- 19.3. Við mat á framtíðarstöðu sjóðsins skal tilgreina rekstrarkostnað, ávöxtun sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Sérstaka grein skal gera fyrir áhrifum á afkomu sjóðsins vegna ákvarðana skv. greinum 12.7 og 12.8
- 19.4. Geti sjóðurinn ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. niðurstöðu úttektarinnar ber stjórn sjóðsins að leggja fyrir aðalfund tillögu að breytingu á reglugerð sem tryggir að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

20. grein. Fyrning bótaréttar

- 20.1. Réttur til dagpeninga í veikinda og slysaförföllum skv. gr.12.1 og 12.4 fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.
- 20.2. Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 6 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

21. grein. Endurgreiðsla iðgjalda

- 21.1. Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

22. grein. Svipting bótaréttar

- 22.1. Sá sem reynir að afla sér dagpeninga/styrkja með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð missir rétt til greiðslna úr sjóðnum vegna þess tilviks sem um ræðir.

- 22.2. Skyld er að endurkrefja félagsmann þegar greidda styrki/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta.
- 22.3. Félagið skal endurkrefja félagsmann þegar styrkir/dagpeningar eru ofgreiddir á grundvelli rangra upplýsinga eða vegna þess að félagsmaður hefur látið hjá líða að veita eða uppfæra upplýsingar sem hafa áhrif á rétt til greiðslna úr sjóðnum.
- 22.4. Heimilt er að endurkrefja félagsmann þegar styrkir/dagpeningar eru ofgreiddir vegna mistaka af hálfu starfsmanna sjóðsins.
- 22.5. Þegar félagsmaður hefur fengið greiddar styrki/dagpeninga úr sjúkrasjóði en síðar kemur í ljós t.d. fyrir dómstólum að hann hefur átt rétt til frekari greiðslna frá atvinnurekanda t.d. laun í veikindum skal endurkrefja félagsmann.
- 22.6. Áður en félagsmaður er sviptur rétti úr sjóðnum skal veita honum rétt til andmæla.
- 22.7. Tilkynna skal félagsmanni með sannanlegum hætti ef hann er sviptur rétti í sjóðnum.
- 22.8. Réttur til greiðslna úr sjóðnum miðast við greiðslu iðgjalds. Óheimilt er að skapa sér rétt til greiðslna úr sjóðnum með greiðslu iðgjalda aftur í tímann.

23. grein. Breyting á fjárhæðum og styrkjum

- 23.1. Stjórn sjóðsins skal leggja fyrir aðalfund til samþykktar breytingar á almennum reglum um fjárhæðir styrkja sem sjóðurinn greiðir.

24. grein. Breytingar á reglugerð

- 24.1. Tillögur að breytingu á reglugerð sjóðsins skulu hafa borist stjórn sjóðsins í síðasta lagi 14 dögum fyrir aðalfund.
- 24.2. Breytingar á reglugerð þessari verða aðeins gerðar á aðalfundi og þurfa þær að vera samþykktar með einföldum meirihluta greiddra atkvæða fundarins. Slíkrar tillögu skal getið í fundarboði.
- 24.3. Breytingar á reglugerðinni skulu sendar skrifstofu ASÍ þegar og þær hafa verið samþykktar á aðalfundi.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Suðurlands þann 30.mái 2025